

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/206****2021/EES/7/38****frá 14. febrúar 2020**

um leyfi til að setja á markað aldinkjöt, safu úr aldinkjöti og þykktan safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 ⁽²⁾ er mælt fyrir um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum.
- 3) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾ um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.
- 4) Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu.
- 5) Hinn 30. janúar 2019 og 28. mars 2019 lögðu fyrirtækin Nestec York Ltd. og Cabosse Naturals NV (hér á eftir nefnd umsækjendurnir) tilkynningu fyrir framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að setja aldinkjöt, safu úr aldinkjöti og þykktan safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. (aldinkjöt af kakótré) á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í skilningi 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjendurnir fóru fram á að neysla almennings á aldinkjöti, safu úr aldinkjöti og þykktum safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. yrði sem slík eða sem innihaldsefni.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2468 óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjendunum að því er varðar gildi tilkynningarinnar. Umbeðnar upplýsingar voru lagðar fram 12. apríl 2019 og 20. júní 2019.
- 7) Gögnin sem umsækjendurnir lögðu fram sýna fram á að aldinkjöt, safu úr aldinkjöti og þykktur safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í Brasilíu.
- 8) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynningarnar til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 22. maí 2019 og 20. júní 2019.
- 9) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja aldinkjöt, safu úr aldinkjöti og þykktan safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjútíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 55).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjútíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

- 10) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu aldinkjöts, safu úr aldinkjöti og þykktu safu úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L. á markað í Sambandinu og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.
- 11) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Aldinkjöt, safi úr aldinkjöti og þykktur safi úr aldinkjöti af *Theobroma cacao* L., eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu færð á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.
2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Aldinkjöt, safi úr aldinkjöti, þykktur safi úr aldinkjöti af <i>Theobroma cacao</i> L. (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Ekki tilgreint	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „kjöt úr aldini af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)“, „safi úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)“ eða „þykktur safi úr aldinkjöti af kakótré (<i>Theobroma cacao</i> L.)“ eftir því hvaða form er notað.“	

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Aldinkjöt, safi úr aldinkjöti, þykktur safi úr aldinkjöti af <i>Theobroma cacao</i> L. (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	<p>Lýsing/Skilgreining</p> <p>Hefðbundnu matvælin eru aldinkjöt af kakóplöntunni (<i>Theobroma cacao</i> L.) sem er „vatnskennt, slímkennt og súrt efni sem fræin liggja í.“</p> <p>Aldinkjöt af kakótré er fengið með því að kljúfa kakófræbelgina og skilja síðan hýði og baunir að; aldinkjötið er síðan gerilsneytt og fryst. Safi úr aldinkjöti af kakótré og/eða þykktur safi úr aldinkjöti af kakótré er framleiddur að undangenginni vinnslu (ensímmeðhöndlun, gerilsneyðing, síun og þykking).</p> <p>Dæmigerð gögn um samsetningu aldinkjöts af kakótré, safa úr aldinkjöti, þykktur safa úr aldinkjöti</p> <p>Prótín (g/100 g): 0,0 til 2,0 Heildarfituinnihald (g/100 g): 0,0 til 0,2 Heildarsykurinnihald (g/100 g): > 11,0 Brix-gráða (° Brix): ≥ 14 pH-gildi: 3,3 til 4,0</p> <p>Örverufræðilegar viðmiðanir</p> <p>Heildarlíftala (loftháð): < 10 000 cfu ⁽¹⁾/g Iðrabakteriur: ≤ 10 CFU/g Salmonella: Finnst ekki í 25 g</p>

⁽¹⁾ CFU: Þyrpingamyndandi eining.“